

Nr. 22 082 S 058 Hafsúlan**Starfsmaður slasast á hendi**

Skipaskr.nr. 2511
Útgerð: Elding Hvalaskoðun Reykjavík ehf
Smíðaður: Noregi 1980, Trefjaplast.
Stærð: 169 BT
Mesta lengd: 25 m Skráð lengd: 23,6 m
Breidd: 8,37 m Dýpt: 2,44 m
Vél: 2 Yanmar, 736 kW, 2009.



Hafsúlan©Vigfús Markússon

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 17. mars 2023 af Geirpúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 11. júlí 2022 var Hafsúlan við bryggju í Reykjavíkurhöfn. Veður: NNV 4 m/s.

Starfsmaður útgerðarinnar, sem var lögskráður á annað skip hennar, var að fara um borð í Hafsúluna til að landtengja skipið. Sjávarstaðan var það lág að lunningin var um meter neðar en bryggjukanturinn. Til að komast um borð steig starfsmaðurinn ofan á bakborðs lunninguna með vinstri fæti og síðan hægri fæti ofan á gönguhliðið í lunningunni. Við það opnaðist gönguhliðið honum að óvörum og voru viðbrögð hans við því að stökkva niður á þilfarið. Hringur sem hann var með á baugfingri vinstri handar festist í þakkanti sem hann hafði haldið sér í til stuðnings. Við fallið skarst baugfingurinn af hendinni.



Við rannsókn kom fram:

- Eftir komu skipsins að bryggju yfirgáfu skipverjar það en bið var eftir því að hægt væri að landtengja skipið. Í samráði við vélstjóra tók starfsmaðurinn að sér að landtengja skipið.
- Gönguhliðið í lunningunni hafði ekki verið skálkað en samkvæmt vinnureglum átti það að vera skálkað.
- Boltinn í skálkubúnaðinum fyrir gönguhliðið var aðeins boginn í endann og því stíft að færa hann til, en þó gerlegt án átaka.
- Þakkanturinn þar sem hringurinn festist í var fimm mm járnplata.
- Lunningin var 96 cm að hæð frá þilfari.
- Ekki var settur upp landgangur eða öryggisnet fyrir skipverja til að komast um borð né handrið til að halda sér í.
- Þessi gönguleið var einungis ætluð skipverjum en önnur leið var fyrir farþega.
- Starfsmaðurinn hafði eftirlitshlutverk með öðrum skipum útgerðarinnar auk þess að vera skipstjóri í starfi sínu hjá útgerðinni. Var hann að fara ferð með annað skip útgerðarinnar en ætlaði að tengja rafmagnið á þessu skipi áður.
- Ekki var hægt að bjarga fingrinum og missti slasaði fingurinn.



Þakkanturinn þar sem hringurinn festist

Nefndarálit:

Orsök slyssins var sú að landgangur var ekki notaður.

Nefndin bendir á að mikilvægt þess að skipverjar noti ávallt örugga landganga þegar þeir fara að og frá borði.